

Hafnarfirði, 14. desember 2019

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
Hafnarfirði

Til varnar Ástjörn

Mikla umræðu og baráttu þurfti til að koma friðlandi Ástjarnar í núverandi horf (sjá fylgiskjal þar sem sú saga er rakin og mikilvægi tjarnarinnar lýst: Ástjörn, friðland og fólkvangur). Varla þarf að taka fram hvílkur griðastaður friðlandið og fólkvangurinn hefur reynst fyrir fólk, fuglalíf og gróður, sannkölluð náttúruparadís, og ekki er annað að sjá en að á síðari tímum hafi þeirri stefnu verið fylgt að taka tillit til þessa viðkvæma svæðis við byggingu íbúðahverfa á Völlunum og í Skarðshlíð.

En nú stefnir í óefni, því núverandi bæjarstjórn hefur ákveðið að færa knatthús, sem skv. skipulagi átti að standa á öðrum stað, að Ástjörnninni. Húsið eða skemman verður tæplega 10 þús. fm með 25 m mænishæð ásamt 900 fm þjónustubyggingu með 5 m mænishæð.


Við erum ekki á móti knatthúsi, síður en svo, en það sjá líklega allir að bygging slíkra stórhýsa, sem lýst er hér að ofan, alveg við friðlandið (ef ekki að hluta innan þess) er óráð og myndi gera að engu vonina um að þessari náttúruverlu yrði ekki spillt meira en orðið er. Við bendum á að þegar hafa verið teknir um 9000 fm af friðlandinu í uppfyllingu við gerð íþróttasvæðisins Ásvalla skv. skýrslu Ólafs K. Nielsen 1993 (sjá fylgiskjal bls. 6-7). Er ekki nóg komið?


Margir lögðu mikla vinnu og metnað í að friðun Ástjarnar næði fram að ganga á tímum þegar náttúruvernd var ekki hátt skrifuð og hafa tjörnin og fólkvangurinn umhverfis friðaða svæðið verið íbúum Hafnarfjarðar til mikils yndisauka. Okkur finnst svo sannarlega að bæjarstjórnin eigi að hætta hið snarasta við þessa einkennilegu skipulagsbreytingu og sjá sóma sinn í að láta Ástjörn í friði.


Hér eru svo þrjár spurningar sem við biðjum bæjarstjórnina að svara:

1. Hvaða brýna nauðsyn bar til að breyta skipulaginu og færa knatthúsið að tjörnninni.
2. Þarf ekki risastór framkvæmd eins og þessi alveg við friðlýst svæði eða jafnvel innan þess að vera háð samþykki Umhverfisstofnunar.
3. Hvíli ekki sú skylda á bæjarstjórn að kynna íbúum vel meiriháttar skipulagsbreytingar og gefa þeim jafnvel tækifæri til að greiða um þær atkvæði.

Með vinsemd

  
Björn Gíslason, Blikaási 9, Hafnarfirði

  
Hulda Björnsdóttir, Blikaási 6, Hafnarfirði

  
Ólöf Björnsdóttir, Erluási 1, Hafnarfirði

Fylgiskjal: Útdráttur úr grein Gunnars Ólafssonar og Guðríðar Þorvarðardóttur í Náttúrufræðingnum, 3.-4. hefti 1998.